

Sþ. 575. Tillaga til þingsályktunar [181. mál]

um menntaskólasetur í Skálholti.

Flm.: Bjarni Benediktsson, Sigurður Ó. Ólafsson.

Alþingi ályktar að skora í ríkisstjórnina að athuga, hvern kostnað muni leiða af því að flytja menntaskólann á Laugarvatni að Skálholti, og skýra Alþingi frá árangri athugunarinnar.

Greinargerð.

Menntaskólinn á Laugarvatni hefur að ýmsu leyti reynzt þar illa settur. Húsa-
kynni eru óhentug og erfitt úr að bæta nema með gífurlegum kostnaði. Sambýli
skólanna á Laugarvatni hefur og ekki að öllu leyti verið heppilegt. Þann húsakost,
sem nú er ætlaður menntaskólanum, má vafalítið jafnvel nýta fyrir aðra skóla á
Laugarvatni, sem ella þarf að byggja yfir.

Í Skálholti mundi aftur á móti unnt að byggja upp skólasetur eingöngu með
þarfir menntaskólans fyrir augum. Þar mundi skólinn eiga hlut að því að tengja
samtíð og framtíð fortíð þjóðarinnar og verða ungum mönnum mjög æskilegur
dvalarstaður.